

# MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

## NIÐURSTÖÐUR FRUMATHUGUNAR OG ÚRSKURÐUR SKIPULAGSSTJÓRA RÍKISINS UM 2. ÁFANGA 66 kV HÁSPENNULÍNU, STUÐLAR-FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR

### 1. INNGANGUR

Skipulagsstjóri ríkisins hefur fengið til frumathugunar byggingu 2. áfanga 66 kV háspennulínu, Stuðlar-Fáskrúðsfjörður, samkvæmt lögum nr. 63/1993 um mat á umhverfisáhrifum.

**Framkvæmdaraðili:** Rafmagnsveitur ríkisins (RARIK).

#### **Framkvæmd kynnt í frummatsskýrslu:**

66 kV háspennulína, Stuðlar-Fáskrúðsfjörður, 2. áfangi frá Ups í Daladal í Fáskrúðsfirði að aðveitustöð RARIK í Fáskrúðsfirði. Lengd háspennulínunnar verður um 8,2 km en síðustu 360 m að aðveitustöðinni er gert ráð fyrir jarðstreng.

**Markmið framkvæmdar:** Að ljúka lagningu 66 kV háspennulínu frá Stuðlum í Reyðarfirði að aðveitustöð í Fáskrúðsfirði vegna fyrirsjáanlegrar álagsaukningar í þéttbýlinu í Fáskrúðsfirði. Um er að ræða hluta af endurnýjun stofnlínukerfis á sunnanverðum Austfjörðum.

**Frumathugun:** Þann 2. maí 1997 tilkynnti RARIK framkvæmdina til embættis skipulagsstjóra ríkisins og lagði fram frummatsskýrslu. Embætti skipulagsstjóra ríkisins tók formlega á móti frummatsskýrslunni með bréfi til RARIK 6. maí 1997. Framkvæmdin var auglýst opinberlega þann 14. maí 1997 í Lögbirtingablaðinu, Morgunblaðinu og auglýsingablaðinu Skjánum. Frummatsskýrslan lá frammi til kynningar frá 14. maí til 18. júní 1997 hjá oddvita Fáskrúðsfjarðarhrepps, á skrifstofu Búðahrepps, í Þjóðarþóklöðunni og hjá Skipulagi ríkisins.

Engar athugasemdir bárust á kynningartíma. Leitað var umsagnar sveitarstjórna Fáskrúðsfjarðarhrepps og Búðahrepps, Náttúruverndar ríkisins, Safnastofnunar Austurlands og Veðurstofu Íslands. Auk þess var framkvæmdin kynnt Þjóðminjasafni Íslands.

#### **Gögn lögð fram við frumathugun:**

Frummatsskýrsla: 66 kV háspennulína Stuðlar-Fáskrúðsfjörður, 2. áfangi.  
Umhverfisáhrif. Frumathugun. RARIK - 97202, Tæknideild-MD, Línudeild apríl 1997.

## 2. UMSAGNIR

Leitað var umsagnar **sveitarstjórnar Fáskrúðsfjarðarhrepps** með bréfi dags. 13. maí 1997 og barst umsögn með bréfi dags. 30. júní 1997. Þar kemur fram að hreppsnefnd Fáskrúðsfjarðarhrepps geri ekki athugasemdir við frummatið.

Leitað var umsagnar **sveitarstjórnar Búðahrepps** með bréfi dags. 13. maí 1997 og barst umsögn með bréfi dags. 1. júlí 1997. Þar segir:

*„Hreppsnefnd Búðahrepps gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemd við staðsetningu línunnar.*

*Hreppsnefnd krefst þess hins vegar að fyllstu aðgæslu verði gætt við verkið þar sem línan og háspennustrengur frá endastæðu í aðveitustöðvarhús er mjög skammt frá vatnsbólum sveitarfélagsins og á sama krafa við gagnvart byggingu aðveitustöðvarhússins en það stendur mjög nærri vatnsbólum sveitarfélagsins. Þess er vænst að náð samráð verði haft við sveitarfélagið áður og á meðan á framkvæmdum við húsið stendur yfir.“*

Leitað var umsagnar **Náttúruverndar ríkisins** með bréfi dags. 13. maí 1997 og barst umsögn með bréfi dags. 4. júní 1997. Þar segir:

*„Náttúruvernd ríkisins gerir ekki athugasemdir við framkvæmdina með þeim skilyrðum:*

- 1. Jarðraski verði haldið í lágmarki.*
- 2. Haft verði samráð við eftirlitsmann Náttúruverndar ríkisins á Austurlandi um uppsetningu línunnar og frágang að verki loknu. Einnig verði haft samráð við eftirlitsmann um niðurtöku á núverandi 33 kV háspennulínu.“*

Leitað var umsagnar **Veðurstofu Íslands** með bréfi dags. 13. maí 1997 og barst svar með bréfi dags. 18. júní 1997. Þar segir:

*„Eins og kunnugt er voru ný lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum sett nú á vörþingi 1997. Þar er m.a. gert ráð fyrir að Veðurstofan annist gerð hættumats vegna snjóflóða og er þar vísað til hættumats fyrir þéttbýli eða fyrirhugað þéttbýli. Meta skal hættu sem lífi fólks er búin á byggðu svæði. Af þessu svo og við lestur greinargerðar með frumvarpinu verður ekki séð að Veðurstofunni beri að meta snjóflóðahættu á ómönnum mannvirki s.s. raflínur.*

*Með hliðsjón af þessu telur Veðurstofan að ekki sé tilefni til frekari aðgerða af hennar hálfu í þessu máli.“*

Leitað var umsagnar **Safnastofnunar Austurlands** með bréfi dags. 13. maí 1997 og barst umsögn með bréfi dags. 18. júní 1997, svo hljóðandi:

*„Í skýrsluna vantar fylgiskjal frá Safnastofnun Austurlands varðandi friðaðar tóttir á eða í nágrenni við fyrirhugað línustæði. Bráðabirgðaskýrsla var send Samúel Ásgeirssyni þann 4. apríl síðastliðinn og endanleg skýrsla þann 11. maí. Þar kemur fram að fornleifar eru á nokkrum stöðum við línustæðið og þarf að taka tillit til þeirra þegar staðsetning staura verður ákveðin. Með fylgir afrit af skýrslunni frá 11. maí og loftmynd með merkingum.“*

Í skýrslu **Safnastofnunar Austurlands** til RARIK dags. 11. maí 1997 segir:

„Vettvangsferð var farin í fylgd með Sigmari Magnússyni í Dölum. Gamlar tóttir eru á fimm stöðum þar sem fyrirhuguð lína mun fara nærri.

Í landi Dala:

1. Gömul rétt er á Dalaengi skammt frá Dalsá, nokkuð innan við þann stað þar sem línan mun liggja yfir ána. Réttin er tvíhólfa, lengd um 17 m, breidd um 13 m og snýr sv-na. Áfastar við hana að norðanverðu eru leifar eldri bygginga. Grjóthleðslur eru greinilegar. Ljósleiðari liggur í jörðu í um 50 m fjarlægð frá réttinni ármegin og á mel utan við hana, í um 50-100 m fjarlægð, er stika merkt N002. Tekin voru hnit við réttina, þau eru: N 64°57.434' - V 014°11.241' (skekka allt að 28 m).
2. Gegnt réttinni, sunnan megin ár uppi á árbakka, eru leifar Dalasels. Þar voru síðast fjárhús frá Dölum. Þar sjást rústir.

Í landi Tungu:

3. „Grjóttótt“ sunnan Dalsár. Þar er tótt fjárhúss og hlöðu í brekkurótum. Húsin hafa verið sambyggð, lengd tóttar er um 15 m, breidd um 7 m og snýr na-sv, eða upp og niður. Út frá hústóttinni beggja megin liggja grjótgarðar niður á sléttlendi við ána, einfaldar grjótraðir, um 50-70 m langar og hafa átt að vera undirstöður túngarðs, sem aldrei hefur verið lokið við. Grjóttótt er staðsett milli tveggja staura í núverandi raflínu, númer þeirra eru 136 og 137. Hnit við tóttina eru: N 64°56.678' - V 014°07.481' (skekka allt að 23 metrar). Stikur á nýju línustæði sáust ekki sunnan megin árinna.
4. Náthagi. Á sléttlendi nokkur hundruð metra utar en Grjóttótt. Hlaðinn ferhyrndur garður undir brekkurótum, því sem næst beint á móti Eiríkshúsgili norðan ár. Raflína mun liggja norðan við náthagann og er hann ekki í beinni röskunarhættu.

Í landi Gestsstæða:

5. Réttar- eða stekkjartótt fast utan við Gunnarslæk, um 20-30 m ofan við veginn inn sveit. Stærð um 13 x 14 m, lögun óregluleg, veggir eru grjót- og torfhláðnir og standa mest í um 1,50 m hæð. Hnit: N 64°56.849' - V 014°07.593' (skekka allt að 30 m). Stikur á fyrirhuguðu línustæði sáust ekki í nágreinninu en á loftmynd virðist línan eiga að liggja mjög nærri tóttinni.

Samkvæmt þjóðminjalögum eru tóttir þessar friðaðar og fylgir þeim 20 metra svæði allt umhverfis. Því er óheimilt að setja niður staurastæður nær tóttunum en svo og varast skal að aka of nálægt þeim á bílum eða öðrum farartækjum.“

Í bréfi **RARIK** til Skipulags ríkisins, mótt. 19. júní 1997, er gerð grein fyrir hvernig staðið verði að framkvæmdum með tilliti til framangreindra upplýsinga um þjóðminjar. Þar segir:

„Í ofangreindri framkvæmd verða staurastæður með 150-170 m millibili og enginn vegslóði verður lagður á milli þeirra.

Staursetning hefur ekki farið fram, en auðvelt verður að sjá til þess að staurastæður lendi ekki of nálægt tóttum eða öðrum minjum. Einnig verður tekið tillit til þessara minja í sambandi við umferð um svæðið.“

Allar umsagnir liggja frammi hjá Skipulagi ríkisins þar til kærufrestur er liðinn.

### 3. ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir bárust á kynningartíma.

## 4. UMHVERFISÁHRIF 2. ÁFANGA 66 kV HÁSPENNULÍNU, STUÐLAR-FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR

### 4.1 Fyrirhuguð framkvæmd

Bygging 2. áfanga 66 kV háspennulínu frá Stuðlum til Fáskrúðsfjarðar. Árið 1989 var byggður 1. áfangi línunnar frá Stuðlum í Reyðarfirði yfir Brosaskarð og niður á Ups í Daladal í Fáskrúðsfirði. Í 2. áfanga á að byggja 66 kV línu frá Ups að spennistöð í Fáskrúðsfirði. Lengd háspennulínunnar verður 8,2 km, staurabil 150-170 m og stæðufjöldi um 50. Línan verður byggð á 10-14 m háum tvístæðum úr tré með styrktarkrossi. Frá enda línunnar í Fáskrúðsfirði að aðveitustöð, sem er innan Búðahrepps, verður lagður 360 m langur jarðstrengur. Línan kemur í stað 33 kV línu sem verður tekin niður þegar 66 kV línan er komin í rekstur.

#### 4.1.1 Lega háspennulínunnar

Línan mun liggja frá enda fyrri áfanga við Ups í Daladal til austsuðausturs og þvera Dalsá ofan við bæinn Dali. Þaðan sunnan Dalsár en þverar hana aftur neðarlega við Gestsstaðahöfða. Línan fylgir legu núverandi 33 kV línu að mestu, en liggur lægra í landi.

#### 4.1.2 Aðrir kostir

Í frummatsskýrslu RARIK eru kynntir þrír aðrir kostir:

**Kostur 1.** Jarðstrengur meðfram vegi inn að Dölum. Jarðstrengurinn lægi norðan vegar, í grónu landi og hefði nokkuð jarðrask í för með sér þar sem ekki er hægt að plægja hann niður. Ekki er talið óhætt að leggja hann í farveg Dalsár, í straumstefnu árinna, vegna tíðra flóða í ánni. Kostnaður við lagningu strengs er áætlaður um 72 Mkr, sem er tvöfalt meira en kostnaður við loftlínu.

**Kostur 2.** Loftlína sömu leið og valin er, en neðri árþverunin höfð neðar og línunni náð niður fyrir innri hluta Gestsstaðahöfða. Þá þyrfti fleiri og krappari horn, sennilega stöguð, sem yrðu meira áberandi auk þess sem áin breiðir meira úr sér þar sem hún yrði þveruð.

**Kostur 3.** Loftlína sem fari út norðurhlíð Daladals, ofan við bæina Dali og Hólagerði og niður Gestsstaðahöfða að aðveitustöðinni. Þá færi línan um meira lyng- og kjarrlendi og yrði meira áberandi yfir Gestsstaðahöfðana.

#### **4.2 Áhrif á landnotkun**

Háspennulínan er hvergi talin hafa veruleg áhrif á landnotkun. Línan fer hvergi um ræktað land eða land sem fyrir liggur að rækta eða byggja á. Ákveðið er að línan verður reist að vetri þegar jörð er frosin og því þarf ekki að leggja vegslóða meðfram henni. Línan fylgir að mestu 33 kV línu sem fyrir er og verður hún fjarlægð.

Í umsögn hreppsnefndar Búðahrepps er farið fram á að fyllsta aðgát verði höfð þar sem framkvæmdirnar fara næst vatnsbólum sveitarfélagsins.

#### ***Aðrir kostir:***

Kostur 1, lagning jarðstrengs, hefði væntanlega í för með sér litla breytingu á landnotkun þar sem hann fylgdi vegi inn að Dölum.

Samkvæmt kosti 2 færi línan ekki yfir Gestsstaðahöfða og yrði minna áberandi á þeim kafla, lengra frá séð, en í staðinn lægi hún á lengri kafla á áreyrunum samsíða veginum.

Kostur 3 er fyrst og fremst talinn verða mjög áberandi þar sem línan lægi niður Gestsstaðahöfðana.

#### **4.3 Áhrif á menningarminjar**

Samkvæmt gögnum Safnastofnunar Austurlands eru gamlar tóttir á fimm stöðum í og við fyrirhugað línustæði. Tóttirnar eru friðaðar samkvæmt þjóðminjalögum. Óheimilt er að setja niður staurastæður nær tóttunum en 20 m og varast skal að aka á bílum eða öðrum farartækjum of nálægt þeim.

#### **4.4 Áhrif á gróður og dýralíf**

Þar sem ekki verður lagður vegur meðfram línunni er talið að áhrif framkvæmdarinnar á gróður og dýralíf verði óveruleg. Grafa þarf fyrir hverjum staur og stagfestum við horn og verða sár sem myndast grædd upp.

#### ***Aðrir kostir:***

Kostur 1, lagning jarðstrengs, hefði í för með sér mun meiri röskun á grónu landi, þar sem grafa þyrfti fyrir strengnum.

Kosti 2 fylgdi minni röskun á gróðurlendi í Gestsstaðahöfðum.

Kosti 3 fylgdu meiri áhrif á gróður þar sem farið er um kjarr og lyngmóa.

#### 4.5 Áhrif á landslag

Megin umhverfisáhrif háspennulínunnar eru talin vera sjónræn. Framkvæmdinni fylgir ekki bein röskun á landslagi en háspennulínan setur svip sinn á það. Línan er áformuð lægra í landinu en línan sem fyrir er og verður að því leyti minna áberandi en á móti kemur að um er að ræða tvístæður með styrktarkrossi sem eru meira áberandi en einföld stauralína.

##### *Aðrir kostir:*

Kostur 1 hefði í för með sér að háspennulína hyrfi úr Daladal sunnan Dalsár.

Kostur 2 breytti sjónrænum áhrifum við Gestsstaðahöfðana þar sem lína færi ekki upp á höfðana heldur yrði á áreyrunum framan þeirra.

Kostur 3 er talinn hafa meiri áhrif á landslag en fyrirhuguð leið, einkum á Gestsstaðahöfðum.

### 5. NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTJÓRA RÍKISINS

Fyrirhuguð lagning 2. áfanga 66 kV háspennulínu frá Stuðlum til Fáskrúðsfjarðar er ekki talin hafa umtalsverð áhrif á landnotkun eða gróður og dýralíf. Fyrirhuguð er að leggja línuna að vetrarlagi þannig að komist verði hjá því að leggja með henni bíslóða eða valda raski á landi vegna umferðar vinnutækja.

Megin umhverfisáhrif háspennulínunnar eru talin vera sjónræn. Línan mun þó að mestu fylgja legu núverandi 33 kV línu, sem verður rifin. Nýja línan mun liggja lægra í landi og verður að því leyti minna áberandi en núverandi lína.

Á grundvelli frummatsskýrslu RARIK og umsagna er það mat skipulagsstjóra ríkisins að fyrirhuguð framkvæmd við 2. áfanga 66 kV háspennulínu frá Stuðlum til Fáskrúðsfjarðar hafi ekki í för með sér umtalsverð neikvæð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir eða samfélag. Þess verði gætt að spilla ekki fornminjum og að aðgát verði höfð við framkvæmdir nærri vatnsbólum í Búðahreppi. Haft verði samráð við eftirlitsmann Náttúruverndar ríkisins á Austurlandi um uppsetningu og frágang nýrrar háspennulínu og niðurtöku 33 kV línunnar.

Framkvæmdin er fyrirhuguð á óskipulögðu svæði í Fáskrúðsfjarðarhreppi og Búðahreppi. Ganga þarf frá skipulagsuppdrætti af framkvæmdinni og er lagt til að það verði gert samkvæmt 2. mgr. 5. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

## **6. ÚRSKURÐARORÐ**

Með vísun til 8. greinar laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993 hefur skipulagsstjóri ríkisins farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, ásamt umsögnum og svörum framkvæmdaraðila við þeim.

Fallist er á fyrirhugaða byggingu 2. áfanga 66 kV háspennulínu, Stuðlar-Fáskrúðsfjörður, eins og henni er lýst í framlagðri frummatsskýrslu. Haft verði samráð við eftirlitsmann Náttúruverndar ríkisins á Austurlandi um uppsetningu línunnar og frágang að verki loknu og um niðurtöku á núverandi 33 kV háspennulínu. Fylgstu varkárni verði gætt við framkvæmdir nærri vatnsbólum í Búðahreppi.

Skilyrði er sett um að þess verði gætt að þekktum fornminjum verði ekki spillt. Staurastæður verði ekki settar innan við 20 m fjarlægð frá friðuðum tóttum og varast að aka of nálægt þeim á bílum eða öðrum farartækjum.

## **7. KÆRUFRESTUR**

Samkvæmt 14. grein laga nr. 63/1993 má kæra úrskurð skipulagsstjóra ríkisins til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 15. ágúst 1997.

Reykjavík 9. júlí 1997,

Reykjavík,

Stefán Thors

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir